

## FJALLSKILASEÐILL FYRIR SAURBÆ ÁRIÐ 2017

Leitir og réttir í fjallskiladeild Saurbæjar verða á eftirfarandi hátt:

Fyrri leit fer fram laugardaginn 16. september. Réttarhald hefst í Brekkurétt sunnudaginn 17. sept. kl. 11<sup>oo</sup>. Seinni leit fer fram laugardaginn 30. sept. Réttarhald hefst í Brekkurétt sunnudaginn 1. október kl. 13<sup>oo</sup>. Torffjall verður smalað í samvinnu við bændur í Ytri-Fagradal, og skal fyrri leit fara fram samkvæmt ákvörðun leitarstjóra í samráði við leitarmenn. Seinni leit á Torffjalli fer fram laugardaginn 23. september.

Fjáreigendur sinni eftirleitum þar sem þeir eiga fjárvon eftir skipulagðar leitir í samráði við leitarstjóra og landeigendur þar sem við á.

Verði að fella niður leit vegna veðurs skal hún fara fram næsta færan dag.

Fjallskiladagsverkið er metið kr. 9.900,- Kostnaður á hverja kind er kr. 400,-

### Leitarstjórar eru:

Á Hvolfsfjalli	Arnar Eysteinnsson s: 434-1528 / 893-9528
Á Brekkudal fyrri leit	Valgerður Lárusdóttir s: 434-1526 / 772-3734
Á Brekkudal seinni leit	Arnar Eysteinnsson s: 434-1528 / 893-9528
Á Svinadal og Hvítadal	Þórarinn B. Þórarinnsson s: 487-5331 / 864-2163
Í Grandastaðaleit	Jón Ingi Ólafsson s: 434-1556 / 867-7286
Á Traðardal og Þverdal	Guðmundur Gunnarsson s: 434-1521 / 893-3593
Á Torffjalli	Steingrímur Hjartarson s: 434-1547 / 894-7150

Réttarstjórn í Brekkurétt: Þröstur Harðarson s: 482-1578 / 861-3878 og annast hann einnig úrtíning.

### Réttarmenn í Skerðingsstaðarétt:

Í fyrri leit	Arnar Eysteinnsson s: 434-1528 / 893-9528
Í seinni leit	Jón Ingi Ólafsson s: 434-1556 / 867-7286

Eins og undanfarin ár verða ekki sendir réttarmenn milli fjallskiladeilda Saurbæjar og Skarðsstrandar en hvor dregur fé fyrir hina og flutningur greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeildar.

Fjallskilanefnd sér til þess að fé úr Saurbæ verði sótt í Skarðsrétt og að fé úr Hvammssveit og Laxárdal verði tekið með. Einnig að fé úr Saurbæ sem kemur í Hvammssveit úr Gillastaðarétt verði sótt og fé af Skarðsströnd verði tekið með.

Öll leitar svæði skal leita tvisvar fyrir skilarétt sem er 1. október, en fjallskilanefnd gerir ekki athugasemd við að leit fari fram á öðrum dögum en tilgreindir eru hér að ofan, telji leitarmenn í samráði við leitarstjóra á viðkomandi svæði að það skili betri árangri.

Allir ábúendur eða umráðamenn jarða eru skyldir að smala heimalönd sín fyrir skilarétt og koma ókunnugu fé til réttar áður en réttarhald hefst. Leitarstjórar stjórna leitum hver á sínu svæði og skulu sjá um ásamt leitarmönnum að koma ókunnugu fé til réttar.

Nauðsynlegt er að þeir sem af einhverjum ástæðum geta ekki lagt til menn í leitir, tilkynni það viðkomandi leitarstjóra með sem mestum fyrirvara svo hægt sé að útvega menn í þeirra stað. Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Vanræki menn að leggja fram dagsverk skv. álagningu þessari, ber þeim að greiða þau með 50% álagi til fjallskilasjóðs og skulu leitarstjórar eða leitarmenn tilkynna um vanrækslu til sveitarstjóra.

Allar kindur sem koma til Brekkuréttar verða taldar.

*Fjallskilanefnd: Arnar Eysteinnsson, Þórarinn Birgir Þórarinnsson og Þröstur Harðarson*